



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. apríl 2008
Tilvísun: 2008020018
Bréfalykill: 22.2

Efni: Allt að 15 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu. Umsögn um tillögu að matsáætlun.

Orkustofnun hefur með bréfi dags. 14. apríl 2008 fengið til umsagnar ofangreinda tillögu að matsáætlun. Orkustofnun hafði drög að tillögu til athugunar að beiðni ráðgjafa framkvæmdaaðila, og kom á framfæri nokkrum ábendingum, eins og frá er greint í skýrslu framkvæmdaaðila, *Allt að 15 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu, Skaftárhreppi - tillaga að matsáætlun.* Mannvit, verkfræðistofa, apríl 2008.

Athugasemdir Orkustofnunar lutu fyrst og fremst að áætlaðri stærð virkjunar, þar sem stofnunin taldi 15 MW rennslisvirkjun ekki hefðbundna framkvæmd miðað við þekktan vatnsbúskap árinna, og því þyrfti framkvæmdaaðili að færa góð rök fyrir henni í matsskýrslu, bæði vegna áhrifa stærðar á mannvirkjagerð og rask og einnig þyrfti að gera góða grein fyrir tengingu við raforkukerfið.

Orkustofnun gerir ekki athugasemd við þá þætti sem lúta að fyrirkomulagi virkjunar, en bendir á að skv. 3. mgr. 5. gr raforkulaga nr. 65/2003, msbr. skulu virkjanir stærri en 7 MW tengjast beint við flutningskerfið, en heimilt er að tengja minni virkjanir því um dreifikerfið.

Niðurstaða:

Orkustofnun telur að enn vanti nokkuð upp á að gerð sé viðhlýtandi grein fyrir hvernig virkjunin verður tengd flutningskerfi raforku.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir

Hákon Aðalsteinsson